

## Völván Vernon Coleman. Atburðarás ársins 2023

Breski læknirinn, Vernon Coleman, er aldraður hugsjónamaður, sem berst gegn spillingu í veröldinni og auðjöfraræðinu, sem sífellt tekur á sig skýrari mynd. Í þessari endursögn er stiklað á stóru:

Vernon hefur reynst sannspár um eðli og framvindu covid-19 fársins og snjall- eða stafrænuvæðinguna (digitalisation). Fárið er sviðsett í þeim eina tilgangi auðjöfranna og handbenda þeirra í stjórnámálum, að ná kyrfilegu haustaki á almenningi, svipta hann lýðfrelsi og sölsa undir sig eigur hans.

Samsærismennirnir vilja komast yfir olíulindir heims. Þekktar olíulindir þverra og vegna ofurgjalda á olíuiðnaðinn, er olíuleit takmörkuð. Það vakir fyrir þeim að skara eld að eigin köku. Olíuna þurfa þeir í stríðsrekstur og til að knýja snekkjur sínar. Þar fer embættismannaræði Evrópusambandsins í broddi fylkingar. Olíuverð mun enn hækka. Kreppan verður verri næsta vetur, þegar Rússabirgðirnar verða uppunar.

Samsærismennirnir hafa með hjálp vansæmdarfyrirtækja, á borð við YouTube og BBC, beitt hamfarahlýnun sem afsökun fyrir ferðabanni. Ríkisstjórn Bretlands býr sig undir að loka fjölda flugvalla. Einungis verða leyfðar lestarferðir til og frá flugvöllunum.

Öxnafurða (Oxford) virðist orðin miðdepill gerræðisgeggjunarinnar. Þar skal loka borgarbúa inni í samfélagsfangelsum stóran hluta ársins. Líklega mun þó samsærismönnum, stjórnámálamönnum og tilbeiðendum hamfaraguðsins, verða leyft að leggja land undir fót.

Eins og Vernon benti á fyrir þrem árum síðan, í mynd, sem titluð var: „Áætlunin um stjórn á mannfjöldanum“ (A Population Control Plan) – og fjarlægð skömmu eftir birtingu, hyggjast samsærismennirnir fækka fólki. Handritið, ásamt fleirum, má lesa um í bókinni: „Covid-19. Mestu blekkingu sögunnar“ (Covid-19: The Greatest Hoax in History).

Eldsneytis- og fæðuskort skapa samsærismennirnir af ásetningi. Það er hluti af snilldaráætlun þeirra um fólkseyðingu (genocidal master plan). Sviðsett stríð við Rússa – sem þó hefur ekki að fullu verið lýst yfir – gera það að verkum, að bændur eiga í erfiðleikum með að framleiða matvæli.

Fáránleg slepping alls konar dýra í sveitir landsins, þar sem þau hafa aldrei áður verið, er gerð til þess að flæma sveitafólk inn í borgirnar, hækka verð á matvælum, og þannig auka eftirspurn eftir gervifæðu úr rannsóknarstofum eða ræktunarverum.

Fólk uggir ekki að sér. Það er ruglað í ríminu af sjálfsástarörvitum eins og Harry og Meghan. Sama hlutverki gegna gervideilur um kyn og kynþætti. Samsærismennirnir deila þannig og drottna. Áfram verður kynt undir kynþáttahyggju og hatur í garð hvítra karla.

Stafrænuvæðingu, þvinguðum bólusetningum og alþjóðlegri hlýðnistigagjöf (social credit score), er beitt til að halda okkur í skefjum og hafa með okkur eftirlit.

Andlát af völdum bólusetninga við covid-19 hafa fengið nýtt fagheiti; „heilkenni skyndilegs dauðdaga fullorðinna.“ Bólusetningar munu verða þáttur hins stafræna eftirlits. Þér verða bjargir bannaðar, nema þú sért bólusettur. Þetta benti Vernon á fyrir mörgum árum.

Brýnasta baráttan nú er að halda í reiðufé. Afbakkaðu viðskipti, þar sem ekki er unnt að greiða með peningum.

Samsærismennirnir óska samfélags, þar sem stafræunnar gætir á öllum sviðum. Þeir eru góð blanda af gráðugum, gerræðisauðjöfrum og vinstrihræsnurum, sem eru óaðgreinanlegir frá byltingarjafnaðarmönnum (kommúnistum).

Verð á fasteigum mun hrapa, mest í Stóra-Bretlandi. Enda hefur Alheimsefnahagsráðið (World Economic Forum) ítrekað bent á þá hamingju, sem fylgir því að vera eignalaus.

Það gerist ekkert af einskærri tilviljun. Leiddu hugann að því, hver hagnast. Handbendi samsærismannanna, læknastéttin, sem oftast er með allur niður um sig, fjölmiðlamenn, stjórnmálamenn, og fleiri, munu keppast við að telja þér trú um, að verðbólgan hjaðni og vextir lækki. Löggjöfin um kolefnishlutleysi er hrollvekjandi fáránleiki.

Frelsi okkar og tjáningarfrelsi er verulega skert, svo alvarlega, að vísindamenn ritskoða sjálfa sig. Þetta snýst allt um auð.

Atvinnuleysi eykst. Nú eru um níu milljónir Bretar, sem ekki gera handtak, lífa á greiðslum frá hinu opinbera. Það er samkvæmt áætlun um að gera alla háða ríkisvaldinu. Aðrar milljónir manna stunda einskisnýtt nám við háskóla.

Samtímis þessu munu verða lagðir á alls konar skattar og gjöld á lýðinn. Skattar á kjötmeti munu vafalítið sjá dagsins ljós innan skamms, ásamt fleiri aðgerðum til að fá okkur til að kaupa gervimat.

„Leiknum er tapað, ef við snúum ekki vörn í sókn bráðlega. ... Við verðum að firra okkur fári. ... Stærsta hættan er fólgin í lögum, sem gera það stríðsglæp að segja sannleikann um allra handa bólusetningar eða um hlýnun hnattarins ... [sem jafnvel verður] skilgreindur sem hryðjuverk og glæpir gegn mannkyni.“

Nú er að sjá, hvort Vernon muni reynast sannspár.

<https://www.vernoncoleman.com/>

<https://vernoncoleman.org/>

<https://expose-news.com/2023/01/03/whats-going-to-happen-in-2023/>